

## FORSETAÚRSKURÐUR um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, og laga um Stjórnarráð Íslands, skiptist Stjórnarráð Íslands í ráðuneyti sem hér segir:

1. forsætisráðuneyti,
2. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti,
3. fjármála- og efnahagsráðuneyti,
4. innanríkisráðuneyti,
5. mennta- og menningarmálaráðuneyti,
6. umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
7. utanríkisráðuneyti,
8. velferðarráðuneyti.

Úrskurður þessi öðlast gildi 1. september 2012. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði eldri forsetaúrskurðar nr. 124 frá 28. september 2011 um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti sem og ákvæði forsetaúrskurðar nr. 86 frá 4. júlí 2012.

*Gjört á Bessastöðum, 30. ágúst 2012.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhanna Sigurðardóttir.*